

Bt. Steinar Rafn Beck Baldursson

Sérfræðingur - Svið efna, starfsleyfa og veiðistjórnunar
Umhverfisstofnun

Varðar: Umsóknir ORF Líftækni frá 21 maí 2024

Ágæti starfsmaður Umhverfisstofnunar.

Þann 23 maí 2024 bárust Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur gögn frá Umhverfisstofnun varðandi umsókn ORF Líftækni hf. um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu bygg í gróðurhúsum í Asparlundi (Laugarás, 806 Bláskógabyggð). Áform fyrirtækisins eru að rækta erfðabreytt bygg til að skala upp byggyrki sem fyrirtækið hefur þróað. Að lokinni uppskeru er fyrirhugað að flytja fræið í húsnæði ORF í Kópavogi.

Alls er um að ræða ræktun í þremur gróðurhúsum sem samtals eru 1330 fm að flatarmál.

Bæði aðal- og varamenn í ráðgjafanefndinni fengu gögn málsins send í tölvupósti þann 24 maí. Ekki var óskað eftir fundi til að fjalla um málið og engar athugasemdir bárust formanni í tölvupósti.

Nefndarmenn gera ekki athugasemdir við umsóknina og telja í ljósi reynslu af ræktun fyrirtækisins í gróðurhúsum að forsendur séu til að tryggja afmörkun erfðabreyttar lífvera.

Fyrir hönd Ráðgjafanefndar um erfðabreyttar lífverur,


Jón Hallsteinn Hallsson

Erfðafræðingur, Ph.D.
Prófessor – Landbúnaðarháskóli Íslands
Aðjúnkt – Háskóli Íslands
Árleyni 22, 112 Reykjavík
GSM/Mobile: 843-5320

